



MAPEGROUT COLABILE 303/3.99 (HI-FLOW)

RÝRNUNARFRÍ, TREFJASTYRKT MÚRBLANDA TIL STEYPUVIÐGERÐA UTANHÚSS.

NOTKUNARSVIÐ:

Til steypuviðgerða þar sem sérstakrar þykktar er þörf og þar sem nauðsynlegt er að floteiginleikar efnisins fái notið sín.

Dæmigerð notkun:

Til endurbyggingar á járnbentum stöplum, súlum o.þ.h.

Til að endurbyggja brúarstólpa.

Til endurbyggingar á burðarbitum þar sem svæðisbundnar skemmdir eru til staðar.

Til endurbyggingar og viðgerða á gangstéttum, akreinum og steiptum vegum, flugbrautum, svalagólfum og veröndum.

Til fúgufyllinga í samskeytum og í forsteiptum plötum / einingum.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR:

MAPEGROUT COLABILE er tilbúin múrblanda, gerð úr mjög sterku sementi, sérvöldum blöndunarefnum ásamt sérstökum íblöndunarefnum og trefjum. Gerð samkæmt sérstakri forskrift sem þróuð er á rannsóknarstofum MAPEI. Þegar MAPEGROUT COLABILE er blandað vatni verður úr fljótandi múrblanda sem hella má í mót án þess að efnin skiljist að jafnvel við miklar þykktir.

Eftir hörðnun hefur MAPEGROUT COLABILE eftirfarandi eiginleika:

Mjög mikinn sveigju- og þrýstistyrk.

Teygju- og þensluþol ásamt öndunareiginleikum, ámóta því sem best gerist í hágæða steinsteypu.

MAPEGROUT COLABILE er vatnsþétt.

Hefur mikla viðloðun og festu við gamla steypu svo fremi hún hefur verið hreinsuð og gegnbleytt með vatni. Sömuleiðis mikla viðloðun við steypustyrktarjárn, - sem hefur verið forunnið með MAPEFER ryðvarnargrunni.

MAPEGROUT COLABILE hefur einnig **mjög** mikið slit- og veðrunarþol.

Mælt er með MAPEGROUT COLABILE í tómarúm allt að 2 cm í þykkt. Þar sem þörf er á meiri þykktum má bæta í hræruna, blöndunarefnum í meiri kornastærð til þess að auka sveigju- og styrktarþol (sandur / fín möl 2-10 mm). Einnig má blanda í hræruna galvaniseruðum stáltrefjum 30/40 mm löngum í hlutfallinu 40/60 kg. af trefjum í hvern rúmmetra hræru.

Ráðfærið ykkur við tæknideild MAPEI eða múrefnadeild Húsasmiðjunnar.

RÁÐLEGGINGAR (Varist eftirfarandi):

Notið ekki MAPEGROUT COLABILE á rennislétta fleti.

Nauðsynlegt er að ýfa þá upp og grófgera vel. Einnig má bæta styrktarjárninu við, þar sem þess reynist þörf.



Notið ekki MAPEGROUT COLABILE til boltafestinga. Notið þá MAPEFILL.
Notið ekki MAPEGROUT COLABILE í steypudælur eða með múrskleið. Notið þá MAPEGROUT TISSOTROPICO.

Bætið aldrei sementi eða íblöndunarefnum í MAPEGROUT COLABILE.

Bætið aldrei vatni í lögunina eftir að hún byrjar að harðna.

Notið ekki MAPEGROUT COLABILE við lægra hitastig en + 5°C.

Varist að nota efnið úr skemmdum pokum eða pokum sem hafa staðið opnir lengi.

NOTKUNAR-REGLUR:

Undirbúningur lagnaflatar:

Hreinsið burtu skemmda og lausa steypu og aðskotahluti þar til lagnaflöturinn er er gegnheill, sterkur og ýfður. Öll fyrri viðgerðarefni sem ekki hafa náð festu ber að fjarlægja.

Hreinsið steypuna og steypustyrktarjárn með sandblæstri til að fjarlægja allt ryk, ryð, sements leifar, fitu, olíu og málningu.

Gegnbleytið yfirborðið með vatni.

Bíðið þar til öll yfirborðsbleyta er gufuð upp áður en MAPEGROUT COLABILE er hellt í mótin. Ef nauðsyn reynist, notið þá þrýstiloft eða svamp til að fjarlægja umfram bleytu af yfirborðinu.

Undirbúningur lögunar:

Hellið áætluðu vatnsmagni (miðað við æskilegan þéttleika hrærunar – sjá töflu). í steypuhrærivél. Látið vélina vera í hægagangi og hellið síðan MAPEGROUT COLABILE hægt og samfellt útí.

Hrærið í 1-2 mínútur og skafið innanúr tromlunni allt laust duft. Hrærið síðan aftur í 2-3 mínútur þar til lögunin er seigfljótandi kekkja- og kögglalaus hræra.

Einnig má nota stigbreytandi borvél við hræruna en það fer eftir magni og umfangi lögunar sem á að vinna úr. Gætið þess að hræra á litlum hraða til að koma í veg fyrir loftbólumyndun.

Aðeins í undartekningar tilfellum skyldi handhræra MAPEGROUT COLABILE.

Þar sem þess er algjör nauðsyn s.s. í litlu magni, skal hræra í a.m.k. 5-6 mín. þar til hræran en jöfn og kekkjalaus. Hafa ber í huga að við handhræru þarf meira vatnsmagn, sem getur skaðað **mjög** efniseiginleika og styrk MAPEGROUT COLABILE.

MAPEGROUT COLABILE hefur nýtingartíma (Pot-Life) í 1 klst. við + 20°C.

Þenslueiginleikar MAPEGROUT COLABILE með tilliti til rakamælds samdráttar (Hygrometric shrinkage). Til þess að ná fram slíkri virkni, þarf að taka tillit til þenslu og ef nauðsyn er á, þá skal styrkja með járni eða mótum kringum viðgerðarflötinn. Án móta, er aðeins hægt að leggja MAPEGROUT COLABILE í meiri þykkt en 2 cm ef steypu-styrktarjárn hefur verið komið fyrir.

Þekja yfir járneð þarf að vera a.m.k. 1 cm.

Í minni þykktum má leggja MAPEGROUT COLABILE án steypustyrktarjárns, svo fremi sem flöturinn sé vel ýfður og grófgerður til að taka við þenslunni. Slík þenslumótun næst fram á fyrstu dögum hörðunar efnisins.



Lögunin borin á:

Til að koma í veg fyrir loftbólumyndun, hellið þá MAPEGROUT COLABILE jafnt og samfellt í mótin.

Mótin sem notuð eru mega ekki vera rakadræg því slíkt getur raskað hörðunarferlinum. Berið því efni á mótin sem kemur í veg fyrir slíkt t.d. viðloðunarleysandi mótaolíu s.s. DMA 1000 FORM RELEASE AGENT frá MAPEI.

Lögunina þarf alls ekki að meðhöndla með steypu-vibrator. Gangið úr skugga um að öll skúmaskot mótanna hafi verið fyllt. Ef nauðsyn krefur, notið þá prik eða járnstöng til að auðvelda slíkt.

Viðgerðarferlinu lýkur þegar málað hefur verið með MAPECOLOR.

Varúðarráðstafanir meðan á lögn og hörðnun stendur:

Ekki er þörf sérstakra varúðarráðstafana ef hitastig við lögn er u.þ.b. + 20°C.

Í heitu veðri, sólskini og/eða roki, er ráðlagt að verja lögnina. Þá skal einnig nota kalt vatn í hræruna (5-7°C).

Við lægra hitastig og þegar ekki gætir sólar eða vinda, - þá skal nota u.þ.b. 20° heitt vatn í hræruna.

Eftir lögn er nauðsynlegt að koma í veg fyrir of hraða uppgufun vatnsins úr löguninni. Þar sem lögnin kemst í snertingu við andrúmsloftið þarf að leggja verndarhlíf (plastyfirbreiðslu) yfir hana. Þetta á sérstaklega við um aðstæður s.s. sólskin, rok og hlýindi.

Ef ekkert er að gert, gætu myndast yfirborðssprungur í lögninni vegna of hraðrar uppgufunar.

Úðið vatni yfir lögnina öðru hvoru fyrsta sólarhringinn, - eða notið viðeigandi verndarefni s.s. MAPECURE E frá MAPEI.

Hreinsun: Fyrir hörðnun má hreinsa efnið af tólum og tækjum með vatni. Eftir hörðnun er slíkt mjög erfitt og aðeins hægt að vélhreinsa.

ÞEKJA: 20 Kg á m² í hvern þykktar cm.

PÖKKUN: Frá verksmiðju fæst MAPEGROUT COLABILE í 25 Kg pokum.

GEYMSLA: Geymist á þurrum stað.

TAFLA:

ÞÉTTLEIKI:	Flæði % samkv. UNI 7044/72:	Lítrar af vatni í 25 Kg poka:
<i>Fljótandi</i>	≥ 160	3.6 – 3.7
<i>Þunn fljótandi</i>	≥ 180	3.8 – 4.0



TÆKNI-UPPLÝSINGAR:

MAPEGROUT COLABILE (HI-FLOW)

Samræmist eftirtöldum stöðlum:

UNI 7044 / 72 – UNI 6556 / 76

UNI 6133 / 72 - UNI 6134 / 72

EFNISLÝSING:

Efnisgerð	Duft.
Litur	Grár.
Hámarks þvermál kornastærða	2.5 mm.
Eðlisþyngd	1.26 Kg / L.
Þurrefnis innihald	100 %.
Geymsluþol	12 mán. í upphaflegum og heilum umbúðum.
Heilsuvá skv. EEC 88/379	NEI. Þó getur sementsinnihaldið valdið ertingu í augum og húð. (Sjá MAPEI Safety Data Sheets).
Eldfimt	Nei.

NOTKUNARREGLUR O.FL.:

Litur lögunar	Grár.
Blöndunarhlutfall	100 hl. Mapegrout Colabile í 15 – 16 hl. af vatni.
Þéttleiki lögunar	Fljótandi / Þunnfljótandi.
Eðlisþyngd lögunar	2.20 Kg / L.
pH gildi lögunar	13.1
Hitastig við lögn	Frá + 5°C til + 35°C.
Nýtingartími (Pot-Life)	60 mínútur.
Hámarksþykkt lagnar	40 mm.
Heilsuvá skv. EEC 88/379	Sömu varúðarráðstafanir ber að viðhafa og við önnur sementsefni

**ENDANLEGIR EIGINLEIKAR:**

Aflfræðileg einkenni:

Prófanir á þenslu- og þrýsti-
styrk voru gerðar á steiptum
kubbum í stærð 4x4x16 cm í
samræmi við kröfur M.D. frá
3.júní 1968. *Mapegrout Colabile*
var blandað 15 % vatni.

Þrýsti / þenslu styrkur (Compressive strength).

Eftir 1 dag		35.0 N / mm ²
Eftir 3 daga		50.0 -
Eftir 7 daga		60.0 -
Eftir 28 daga		75.0 -

Sveigju styrkur (Flexural strength).

Eftir 1 dag		5.5 N / mm ²
Eftir 3 daga		7.0 -
Eftir 7 daga		8.0 -
Eftir 28 daga		10.0 -

Viðloðun / festa á undirlag (mælt skv.
“pull-off” prófun á rakri steypu):

Eftir 7 daga:		
(+ 23°C og 50 % rakastig)		20 N/mm ² (brestipunktur steypu)
Eftir 21 dag:		
7 dagar við +23°C og 50% raka og		
14 daga við + 60°C.....		20 N/mm ² (brestipunktur steypu)
Eftir 28 daga:		
7 dagar við +23°C og 50% rakastig +		
21 dag í vatni við +20°C.		20 N/mm ² (brestipunktur steypu)

Þanstuðull vegna teygjupols (elasticity) við þrýsting		27.000 N/mm ²
--	-------	--------------------------

AÐVÖRUN

Þó tæknilegar leiðbeiningar og fyrirmæli þau sem að ofan greinir séu samkv. því sem okkur hefur reynst best, þá skulu þau aðeins höfð til viðmiðunar og aðeins sannreynd í ljósi nægjanlegrar reynslu af notkun efnisins. Því skal notandinn ganga úr skugga um hvort efnið hentar til fyrirhugaðrar notkunar enda hvílir á honum öll ábyrgð í því sambandi.

FYRIR FAGMENN EINGÖNGU